

Tillaga til þingsályktunar

um þjóðaráttak í landgræðslu.

Flm.: Þórarinn Ingi Pétursson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásmundur Friðriksson,
Halla Signý Kristjánsdóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson,
Silja Dögg Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að koma fyrir lok árs 2020 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og hefja þar með þjóðaráttak í landgræðslu.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið að sjá til þess að komið verði á fót vettvangi fyrir samstarfi stjórnvalda, Landgræðslunnar, bænda, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og gera þannig þjóðaráttak í landgræðslu. Samstarfsvettvangi þessum verði komið á fyrir lok árs 2020.

Markmið tillögunnar er að auka kolefnisbindingu, koma í veg fyrir jarðvegsrof og græða upp örfoka land með aukinni þátttöku almennings í landgræðslu.

Samstarfsvettvangurinn hafi að fyrirmynd átakið „Bændur græða landið“, samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar um uppgræðslu heimalanda, sem hefur verið starfrækt frá árinu 1990 og gefið góða raun.

Með aukinni umhverfisvitund og fræðslu almennings hafa æ fleiri fyrirtæki boðið viðskiptavinum upp á að kolefnisjafna viðskipti sín. Þátttaka atvinnulífsins í verkefninu gæti falist í því að bjóða upp á kolefnisjöfnun viðskipta með landgræðslu. Þannig yrði þátttaka almennings tvíþætt, annars vegar með beinni þátttöku í landgræðslu undir leiðsögn Landgræðslunnar, hins vegar með kolefnisjöfnun viðskipta sinna.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu falla vel að loftslagskafla stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir árin 2018–2030 sem og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, markmiði nr. 13: Aðgerðir í loftslagsmálum.

Aðrir alþjóðasamningar sem samvinnuverkefnið gæti verið liður í að uppfylla eru: Parísarsáttmálinn, Samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun sem hefur verið í gildi hér á landi frá árinu 1996, alþjóðlegir samningar um líffræðilega fjölbreytni sem fullgiltir voru á Alþingi árið 1994 og rammisamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem tók gildi hér á landi árið 1994.

Jarðvegur er mikilvæg auðlind. Hann er undirstaða mestallrar matvælaframleiðslu heimsins en jarðvegseyðing er ein mesta ógn mannkyns. Eyðing gróðurs og jarðvegs hefur um langa hrið verið eitt helsta umhverfisvandamál á Íslandi. Flutningsmenn leggja því til að farið verði í þjóðaráttak í landgræðslu enda hafi fáar þjóðir hafa eins góð tækifæri og Íslendingar til að draga úr losun vegna landnotkunar og efla kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi.